



6. bekkur 2018 - 2019

Í sjötta bekk eru 30 nemendur, 19 stúlkur og 11 drengir sem eru í tveimur bekkjardeildum. Alls fá nemendur 35 kennslustundir á viku. Umsjónarkennarar eru Anna María Sanders, Anna Rún Jóhannsdóttir og Halla Karen Guðjónsdóttir. Í náttúrufræði bætist Ingólfur Helgi Matthíasson við kennarateymið. Stuðningskennari er Helena Rut Borgarsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Birna Björg Davíðsdóttir. Aðalnámsskrá er reist á sex grunnþáttum menntunnar, þessir grunnþættir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennt menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólasterfinu. Þessir grunnþættir eru því hafðir að leiðarljósi í námi barna í 6. bekk.

Kennslustundir á viku skiptast sem hér segir:

Íslenska	8 kennslustundir
Stærðfræði	7 kennslustundir
Enska	3 kennslustundir
Samfélagsfræðigreinar	3 kennslustundir
Náttúrufræðigreinar	3 kennslustundir
Lífsleikni	1 kennslustund
List og verkgreinar	6 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Upplýsinga- og tæknimennt	1 kennslustund
Sund	1 kennslustund